

Nr. 053 / 09 Selfoss**Skipverji slasast á hendi**

IMO.nr. 8914556
Smíðaður: Danmörku 1991, stál
Stærð: 7.676 BT 8.609 DW
Mesta lengd: 127 m
Breidd: 20,5 m Dýpt: 7,5 m
Vél: MaK 5.400 kW, 1991
Fjöldi skipverja: 11

Gögn:

Slysaskýrsla frá skipi
Ljósrit úr leiðarbók
Gögn RNS



Selfoss©Hilmar Snorrason

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 2. nóvember 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 24. mars 2009 var Selfoss við bryggju á Grundartanga. Veður: 4 m/s.

Tveir skipverjar voru að loka mannopi fyrir lest nr. 5 þegar það féll á hægri hönd annars þeirra og lenti á tveimur fingrum. Hann var ekki óvinnufær en í ljós kom að hann brákaðist.

Við rannsókn kom fram:

- að tjakkur (sjá mynd) á lúgunni var óvirkur þar sem gorm vantaði í hann. Af þeim sökum voru tveir skipverjar við verkið. Skipt hafði verið um gorma í öðrum lúgum en talið að nýja gorminum í þessa lúgu hefði verið hent af misgáningi;
- að fram kom hjá slasaða að lúgunni hefði verið sleppt of snemma en sá sem vann með honum taldi að hann hefði ekki verið nógu snöggur að taka hendina frá;
- að búnaður lúgunnar var lagaður eftir atvikið. Fram kom að bilunin hefði verið ný tilkomin.



Ljósmynd: Hilmar Snorrason

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.